

## REGLUGERÐ

### um fjárhæð, álagningu og innheimtu veiðigjalds fiskveiðíárið 2017/2018.

#### 1. gr.

*Gjaldskyldir aðilar.*

Eigendur íslenskra fiskiskipa sem stunda veiðar á nytjastofnum sjávar skulu greiða veiðigjald fiskveiðíárið 2017/2018, svo sem í reglugerð þessari segir.

Til nytjastofna sjávar samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð, hvort sem er innan eða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

#### 2. gr.

*Fjárhæð veiðigjalds.*

Veiðigjald hvers nytjastofns, í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla, er sem hér segir:

	<i>Veiðigjald</i>		<i>Veiðigjald</i>
Blágóma	2,53	Loðna	1,71
Blálanga	8,73	Lýsa	6,66
Búrfiskur	68,94	Makrill	3,27
Djúpkarfi	15,17	Náskata	2,30
Gjölnir	2,99	Rækja	1,61
Grálúða	50,79	Sandkoli	2,53
Grásleppa	8,73	Síld	3,27
Gullkarfi	11,72	Skarkoli	14,94
Gulllax	5,52	Skata	5,06
Háfur	4,60	Skrápflúra	2,30
Hákarl	1,15	Skötuselur	22,29
Hámeri	4,60	Slétti langhali	8,50
Hlíry	14,94	Snaphali	2,53
Humar	17,69	Sólkoli	32,86
Hvítskata	5,97	Steinbítur	11,26
Hörpuðiskur	8,96	Stinglax	7,12
Ígulker	7,12	Stóra brosma	2,53
Keila	6,20	Tindaskata	1,38
Kolmunni	1,25	Ufsi	11,72
Langa	10,11	Úthafskarfi	16,09
Langlúra	5,52	Ýsa	26,20
Litla brosma	1,61	Porskur	22,98
Litli-karfi	6,89	Öfugkjafta	15,86

Veiðigjald annarra nytjastofna en í töflunni greinir er 1,03 kr. á hvert kílógramm óslægðs afla.

Veiðigjald fyrir hval er sem hér segir: Langreyður 51.440 kr. og hrefna 8.230 kr.

#### 3. gr.

*Afsláttur af greiðslu veiðigjalds.*

Hver gjaldskyldur aðili á rétt á því að veittur sé 20% afsláttur af fyrstu 4.630.000 kr. álagðs veiðigjalds og 15% afsláttur af næstu 4.630.000 kr. álagningaránnar.

#### 4. gr.

*Álagning og innheimta veiðigjalds.*

Fiskistofa leggur á veiðigjöld. Gjaldskyldir aðilar skulu greiða veiðigjöld fyrir landaðan afla fyrir hvert greiðslutímabil samkvæmt upplýsingum um skráningu afla í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Við álagningu skal leiðréttta fyrir slægingu eða annarri aflanýtingu fyrir löndun ef við á, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga um veiðigjald.

Greiðslutímabil veiðigjalda er almanaksmánuður. Gjalddagi veiðigjalda er 1. hvers mánaðar vegna veiða þarsíðasta mánaðar.

Nr. 637

12. júlí 2017

Skráður eigandi skips við álagningu veiðigjalds er ábyrgur fyrir greiðslu þess. Ef fleiri en einn eigandi er að skipi bera allir eigendur þess óskipta ábyrgð á greiðslu veiðigjalds og er heimilt að ganga að hverjum þeirra sem er.

Innheimtumenn ríkissjóðs innheimta veiðigjald og fer tollstjóri með samræmingar- og eftirlits-hlutverk við innheimtu þess, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Sé veiðigjald ekki greitt innan 14 daga frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Þá skal Fiskistofa jafnframt fella almennt veiðileyfi hlutaðeigandi skips niður.

Kröfum um greiðslu veiðigjalds fylgir lögveð ríkissjóðs í hlutaðeigandi skipi í fjögur ár frá gjalddaga. Lögveðið nær einnig til dráttarvaxta og innheimtukostnaðar.

Fiskistofa birtir árlega upplýsingar um álagningu veiðigjalds. Upplýsingar um álagningu og innheimtu veiðigjalds á hvern og einn greiðanda eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að.

5. gr.  
*Gildistími o.fl.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 4. gr. og 16. gr. laga nr. 74/2012 um veiðigjöld, með síðari breytingum og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reglugerðin öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu veiðigjalds á fiskveiði-árinu 2017/2018 sem hefst 1. september 2017.

Fyrirmæli reglugerðarinnar gilda fyrir almanaksárið 2018 í tilviki stofna sem stjórnað er með aflamarki sem gefið er út í upphafi árs.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. júlí 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Baldur P. Erlingsson.**

*Hinrik Greipsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 13. júlí 2017